

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	V/1.27
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, miðvikudaginn 29. júní 2005, kl. 14:08.		
Sakarefni: Ætluð brot gegn ákvæðum laga um hlutafélög, ársreikninga, bókhald og almennum hegningarlögum.		
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fyrirverandi forstjóri Baugs hf.	Vinnusími:	
Lögheimili: Vesturhús 22, Reykjavík	Sími: 567 6363 / 691 8888	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi Jónsson er mættur til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun.

Tryggva er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar ætluð brot hans gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 svo og ákvæðum laga um hlutafélög, ársreikninga og bókhald.

Tryggva er kynnt að honum sé óskylt að tjá sig um meint sakarefni sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991. Brynt er fyrir Tryggva að kjósi hann að tjá sig um meint sakarefni að draga þá ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Tryggvi kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Tryggva er mættur Andri Árnason hrl. skipaður verjandi Tryggva og verður hann viðstaddur yfirheyrsluna.

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um kreditfærslu í bókhaldi Baugs vegna reiknings frá P/F SMS Færeyjum að fjárhæð DKR 3.900.000,00, dags. 30. júní 2001.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um kreditfærslu í bókhaldi Baugs vegna reiknings frá Nordica Inc. að fjárhæð USD 589.890,00.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um færslur og fylgiskjöl í bókhaldi Baugs Group hf. vegna sölu félagsins á 3,1 milljón hluta í Arcadia Group Plc. í árslok 2000 og kaupa á sama fjölda hluta í Arcadia Group Plc. í ársbyrjun 2001 á umtalsvert hærra gengi.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

06777

9

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um færslur og fylgiskjöl í bókhaldi Baugs Group hf. varðandi hreyfingar á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um færslur og fylgiskjöl í bókhaldi Baugs Group hf. og Gaums ehf varðandi hlutafjárkaup í Vöruveltunni hf.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 22. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um greiningu á hreyfingum viðskiptamanna- og lánardrottnareikninga hlutahafa og stjórnenda Baugs frá 1998 – 28. ágúst 2002.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Tryggva er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 15. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um greiningu á bókhaldsfærslum á viðskiptamannareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Baugi frá 1998 – 28. ágúst 2002.

Tryggva er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Tryggvi er nú spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við þær greinargerðir sem honum hafa verið afhentar í dag.

Tryggvi segir að honum hafi verið afhent fyrir nokkru síðan skýrsla endurskoðenda efnahagsbrotadeildar varðandi greiningu á bókhaldsfærslum vegna báts í Florida í Bandaríkjunum.

Tryggvi segir að hann vilji gera athugasemdir við þann drátt á því að efnahagsbrotadeild hafi óskað eftir aðstoð endurskoðenda Deloitte við rannsókn þess þáttar. Tryggvi segir að bréf RLS sé dags. 1. september 2004, þ.e. tveimur árum eftir að rannsókn þessa þáttar hófst og telji hann það óhóflegan drátt á málinu. Tryggvi segir að það hafi tekið endurskoðendur efnahagsbrotadeildar 9 mánuði að svara erindinu sem þeir gerðu með greinargerð dags. 1. júní 2005. Tryggvi segir að hann telji þann tíma óheyrilega langan. Tryggvi segir að það veki furðu sína að endurskoðendum efnahagsbrotadeildar hafi ekki gert úttekt á gögnum sem Baugur hafi lagt fram og styðji framburð hans og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar þess efnis að Jón Gerald Sullenbergar hafi fengið verktakagreiðslur sem hann hafi notað sér til framfærslu. Tryggvi segir að þetta megi sjá á bankagögnum Nordica sem lögð hafi verið fram í dómsmáli í Bandaríkjunum og afhent hafa verið efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans.

Tryggvi segir að varðandi þau gögn sem nú hafi verið lögð fram megi strax sjá að endurskoðendur efnahagsbrotadeildar dagsetji allar sínar greinargerðir 15. – 23. júní 2005 en beiðnir til þeirra frá RLS séu ýmist dagsettar í ágúst eða september 2002 eða 18. - 20. júní 2005. Hér sé því um óheyrilegan drátt að ræða.

Tryggvi kveðst enn fremur vilja koma á framfæri að hann hafi óskað eftir því við yfirheyrslu fyrir nokkrum vikum að Jóhannes Jónsson og Ragnar Agnarsson yrðu yfirheyrðir vegna kaupa hans á traktor

og geisladiskum í Bandaríkjunum. Tryggvi segir að svo virðist sem ekki hafi verið farið eftir þessum óskum hans.


Tryggvi les nú yfir framburð sinn.

Skýrslutöku lauk kl. 14⁴²


Staðfest rétt eftir haft,


Tryggvi Jónsson

Skýrsluna skráði,


Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu,


Andri Arnason hrl.